

Hvað? Hvenær? Hvernig? Hvert? Hvar? Hvern?

Bingó

Bingó er skemmtilegur leikur sem allir geta tekið þátt í. Foreldrafélagið á bingóspjöld í skólanum.

Leikja-/íþróttadagur

Útileikir, innileikir, dótaleikir, íþróttaleikir, kappleikir, spurningaleikir ofl.
Sundferðir, skíðaferðir, skautuferðir, hjóltúrar, lasertag, krulla ofl.

Spil

Að hittast til að spila er hin mesta skemmtun og allir leggja eitthvað til málanna.

Dans

Dansstopp, diskó, marsering, kúrekadans að ég tali nú ekki um hjarta, spaði, tígull, lauf.

Heimsóknir

Á vinnustaði foreldra, í sveitina, í skipið, á skrifstofuna, í búðina, á nuddstofuna, í líkamsræktarstöðina

Morgunmóttökur

Segjum frá, lesum sögu, sýnum myndir eða leggjum annað gott til.

Böll

Grímuball, furðufataball, rautt ball, náttfataball, kúrekaball ofl.

Vettvangsferðir út í náttúruna

Hvað er betra en að vera úti í góðu veðri?

Myndasýning

Myndasýning frá foreldrastarfinu í bekknum. Minningar í myndum.

Óvissuferð

Foreldrar skipuleggja óvissuferð innan eða utan bæjar, akandi eða gangandi, í strætó eða hjólandi...

Veitingar

Eldum sjálf í skólanum, heima eða annars staðar; komum með, böfum, grillum eða pöntum.

Mála, teikna, lita, leira, föndra.

Foreldrar hittast og vinna skapandi með börnunum.

Hollt og gott

Allir koma með hollt og gott. Gera eitthvað spennandi saman.

Félagsvist

Frábær skemmtun fyrir nemendur sérstaklega á miðstigi og elsta stigi.

Gistinætur

Gisting í skólanum getur verið spennandi. Leikir, spil ofl.

Kökuskemmtun

Helmingur kemur með kökur og hinn helmingur drykki. Skemmtiatriði.

Fjáröflun

Kaffihlaðborð, sala á ýmsum varningi, bingó, spilakvöld, happdrætti og vinnuframlag.

Viðburðina er hægt að hafa í skólanum, heima hjá einhverjum, í Kjarnaskógi eða leigja (íprótta)sál. Það er um að gera að virkja sem flesta foreldra til þátttöku í undirbúningi og svo má að sjálfsögðu reyna að fá kennara með sér í lið líka, hvort sem það eru umsjónarkennarar eða aðrir.

Skipuleggjum viðburði í bekknum / námshópnum

Höfum frumkvæði að skipulagningu verkefna með nemendum og foreldrum. Veljum með öðrum foreldrum viðfangsefni fyrir veturinn og tímasetjum þá. Sjáum til þess að tímasetningum sé fylgt eftir. Tökum myndir og sýnum við ýmis tækifæri.

Hvar bóka ég afnot af skólanum? Við hvern tala ég?

Til að bóka fundi og viðburði í skólanum, utan skólatíma er best að hafa samband við skólaritara sem gefur samband áfram eftir erindi ykkar. Síminn í skólanum er 462-4820

Fylgjumst með og komum upplýsingum á framfæri

www.giljaskoli.is er vefur skólans. Innsent efni frá foreldrum er alltaf kærkomið. Innsent efni sendist á ellae@giljaskoli.is